

Skil á afdreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, afföllum og arði og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra. Skilaskyldur aðili samkvæmt ofangreindu skal ótilkvaddur greiða afdreginn skatt af fjármagnstekjum á gjalddaga. Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum ársins 2003 er 15. janúar 2004. Eindagi er 30. janúar. Unnt er að skila staðgreiðslu þessari með því að fylla út og greiða meðfylgjandi gíróseðil. Greiða má í bönkum, sparisjóðum og pósthúsum. Einnig er unnt að fá greiðsluseðil og greiða afdreginn skatt hjá innheimtumanninum ríkissjóðs.

Leiðbeiningar um útfyllingu gíróseðilsins

Á gíróseðilinn er búið að árita upplýsingar um greiðanda og greiðslutímabil. Þessar upplýsingar eru síðan lesnar vélrænt þegar skil eru gerð. Ekki er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann hefur verið ritað.

Greiðslu samkvæmt gíróseðli þessum er unnt að inna af hendi í öllum bönkum, sparisjóðum og pósthúsum eða hjá innheimtumanninum ríkissjóðs.

Nánar um útfyllingu gíróseðilsins

- Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Samtölureittinn í efstu línunni skal alltaf fylla út, þó svo aðeins þurfi að fylla út annan hinna.
- Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á árinu, skal gera grein fyrir því með því að setja X í til þess gerða reiti á skilagreininni. Í þeim tilfellum má skila gíróseðlinum til skattstjóra.
- Munið að undirrita og dagsetja skilagreininna áður en henni er skilað.

RSK		Skattur af vöxtum og arði Skilagrein vegna staðgreiðslu		GÍRÓ-SEÐILL S 6	
Kennitala	Greiðslutímabil	Staðgreiðsla samtals	KR 5.417		
010203-4569	2003	Staðgreiðsla af vöxtum	5.417		
Nafn - heimili - pósthóð		Staðgreiðsla af arði	0		
Ólafur Dýrason Fiskakvísl 17 110 Reykjavík		<input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar vaxtagreiðslur á árinu <input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar arðgreiðslur á árinu			
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirgjagandi gögn.		Móttökudagur - kvittun	Skuldfærslubeiðni er á 1. samriti		
15/1/2004	Ólafur Dýrason	2. samrit eintak greiðanda			
RSK 5.20	Dagsetning	Undirskrift	Tilvísunarnúmer	Seðilnúmer	FI
					Stofnun-Hb
					Reikn.nr.
					Upphæð kr.

Álag vegna vanskila

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en

10% og til viðbótar álag sem er hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

Upplýsingar um áfallið álag liggja fyrir hjá innheimtumanninum þegar skilagreinin hefur verið skráð hjá skattstjóra.